

**Aðalfundur Ungmennafélags Njarðvíkur haldinn þann 23. apríl 2024 kl.**

**20:00 í Njarðvíkurskóla**

Mættir voru: Hámundur Örn Helgason, Einara L. Kristjánsdóttir, Ólafur Eyjólfsson, Þórdís B. Ingólfssdóttir, Anna Andrésdóttir og Thor Hallgrímsson úr stjórn félagsins ásamt rúmlega 70 öðrum Félagsmönnum og gestum.

**Dagskrá fundarins:**

1. Fundur settur
  - Kosning fundarstjóra
  - Kosning fundarritara
  - Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.
  - Ávarp formanns
  - Féhirðir leggur fram reikningshald aðalstjórnar og deilda til samþykktar vegna ársins 2023
2. Lagabreytingar
3. Heiðursviðurkenningar
4. Ávarp gesta
5. Kosningar til aðalstjórnar og nefnda
  - a. Kosinn formaður til eins árs
  - b. Kosnir tveir stjórnarmenn til tveggja ára
  - c. Kosnir tveir menn í varastjórn til eins árs
  - d. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og einn til vara
6. Önnur mál
7. Fundarslit

## FUNDARGERÐ UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR

1. Ólafur Eyjólfsson setur fundinn, býður gesti velkomna og stingur upp á Stefáni Thordersen sem fundarstjóra, það er samþykkt samhljóða, Ólafur stingur upp á Þórdísi B. Ingólfssdóttur sem fundarritara sem er einnig samþykkt samhljóða.

- Fundargerð síðasta aðalfundar er lögð fram. Engar athugasemdir og fundarstjóri býður Ólaf Eyjólfsson aftur upp í pontu.

- Ólafur leggur fram ársskýrslu sem liggur á borðum gesta. Vegleg ársskýrsla á afmælisári félagsins.

Ólafur fer yfir það hvað er í vændum hjá félaginu á 80 ára afmælisárinu og biður svo gesti um að rísa á fætur til að syngja afmælisönginn..

Ólafur tilkynnir að nú sé búið að halda fyrsta í afmæli sem var þegar karla lið

Njarðvíkur í körfu tók á móti Þór Þorlákshöfn í fyrsta leik úrslitakeppninnar, nú sé annar í afmæli en aðal hátíðun verður svo haldin þegar UMFN tekur á móti nýja íþróttahúsinu sem nú virðist loks vera að verða að veruleika á næstu mánuðum.

Ólafur fer létt yfir það helsta hjá deildum félagsins.

Framtíðin er björt og svo biður Ólafur gesti að rísa úr sætum og klappa fyrir öllum sjálfboðaliðum.

- Stefán þakkar Ólafi fyrir sitt ávarp og býður Guðna Þór Gunnarsson að koma í pontu og kynna ársreikning félagsins sem er í ársskýrslunni sem liggur á borðum gesta.

Guðni Þór Gunnarsson kemur í pontu. Hann bendir á að reikningarnir liggi á borðum fyrir framan gesti. Guðni fer yfir reikningana.

Stefán tekur orðið og býður upp á spurningar, engar spurningar úr sal þannig fundarstjóri ber reikninga félagsins upp til samþykktar og eru þeir samþykktir með

yfirgnæfandi meirihluta.

### 2. Lagabreytingar.

- a. Fundarstjóri gefur Ólafi formanni orðið sem leggur fram tillögu um breytingu á nafni félagsins.

**Tillaga að breytingu á nafni félagsins** – Er „Ungmennafélag Njarðvíkur“

Verður „Ungmennafélagið Njarðvík“

#### **Greinagerð**

Hér erum við að líta til nágretta okkar sem áður hétu Ungmennafélag Keflavíkur en þegar Sveitarfélögin Njarðvík, Keflavík og Hafnir sameinuðust undir nafninu Reykjanesbær þá var nafni félagsins breytt í Keflavík, íþrótta- og ungmennafélag.

Í daglegu tali er félagið ávallt kallað „Njarðvík“.

Mörg Ungmennafélög titla sig á þennan hátt og má þar helst nefna:

Ungmennafélagið Fjölur

Ungmennafélagið Snæfell

Ungmennafélagið Tindastóll

Ungmennafélagið Þróttur

Og mörg fleiri.

Hámundur Örn Framkvæmdastjóri biður um að fá að bæta við þetta.

Það sem getur flækt þetta fyrir Ungmennafélag Njarðvíkur er að það Njarðvík er staðarheiti en við myndum vilja láta á það reyna með leyfi aðalfundar. Þessi tillaga er lögð fram til að það styrki stöðu félagsins í að fá hugverkarétt á orðamerkinu ”Njarðvík”.

Stefán tekur til máls og ber tillöguna upp og er hún samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta.

- b. Fundarstjóri biður Hámond Örn framkvæmdastjóra að koma upp í pontu til að kynna næstu tillögu.

### Tillaga að lagabreytingu

Aðalstjórn UMFN leggur til að það verði gerð breyting á 30. gr. laga félagsins.

Lögin eru misvísandi og seinni málsgrein greinarinnar þvert á þá fyrri.

**Er núna:**

#### 30. grein

*Aðalstjórn félagsins getur lagt niður deild innan félagsins ef starfsemi deildarinnar kastar rýrð á félagið, deildin fer ekki að lögum félagsins eða rekstur deildarinnar stefnir hagsmunum félagsins í voða. Deildin verður ekki lögð niður nema á aðalfundi eða aukaaðalfundi félagsins og þá með samþykki 2/3 viðstaddra atkvæðisbærra fundarmanna. Verði deild lög niður skal fara með eignir hennar sbr. 29. þessara laga*

**Verður:**

#### 30. grein

*Aðalstjórn félagsins getur lagt niður deildir innan félagsins m.a. ef ekki eru lengur forsendur fyrir rekstri viðkomandi deildar, starfsemi deildar kastar rýrð á félagið, stjórn deildar fer ekki að lögum félagsins eða rekstur deildar stefnir hagsmunum félagsins í voða. Ákvörðun aðalstjórnar skal staðfest á næsta aðalfundi eða aukaaðalfundi með samþykki 2/3 viðstaddra atkvæðisbærra fundarmanna. Verði deild lögð niður skal fara með eignir hennar sbr. 29. þessara laga.*

Stefán spyr eftir spurningum úr sal en þær eru engar og því er hún borin upp til samþykktar og hún samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta.

### 3. Heiðurs viðurkenningar.

#### Ólafur Eyjólfsson veitir heiðursviðurkenningar

**BRONS:** **Erna Hákonardóttir**  
hætti eftir tímabilið 2022-2023 þá leikjahæst allra leikmanna fyrir kvennalið UMFN í úrvalsdeild

**Ólafur Helgi Jónsson**  
hætti eftir tímabilið 2022-2023 með 287 deildarleiki fyrir Njarðvík í úrvalsdeild

**Skúli Björgvin Sigurðsson**  
stjórnarseta, myndatökur og fréttaskrif fyrir klúbbinn sem og tæknivinna við heimasíðu til fjölda ára

**Sigurrós Antonsdóttir**

Stjórnarseta og önnur ómetanleg störf fyrir Sunddeild UMFN

**Örvar Þór Kristjánsson**

Örvar á leiki á sex mismunandi tímabilum í úrvalsdeild með Njarðvík og á þeim tíma lék hann alls 137 úrvalsdeildarleiki og er fyrir vikið á meðal 30 leikjahæstu manna félagsins í úrvalsdeild karla.

**SILFUR: Guðný Björg Karlsdóttir**

Unglingaráð KKD til fjölda ára og nú síðustu ár í aðalstjórn UMFN

**GULL: Friðrik Ingi Rúnarsson**

margfaldur meistari með körfuknattleiksdeild UMFN og þjálfari um áratugaskeið

**Thor Hallgrímsson**

Sjálfboðaliðastörf og stjórnarseta til fjölda ára

**Ólafur Thordersen tekur til máls og afhendir Ólafsbikarinn**

**Ólafsbikar:** Vala Rún Vilhjálmisdóttir

Stefán tekur til máls og óskar öllu því góða fólki hér sem var heiðrað til hamingju og býður formanni að koma aftur í pontu og kynna þau framboð sem eru til stjórnasetu.

**4. Kosningar til aðalstjórnar**

- a. **Kosinn formaður til eins árs;** Í framboði: Ólafur Þ. Eyjólfsson sitjandi formaður. Samþykkt einhljóða.
- b. **Kosnir tveir stjórnarmenn til tveggja ára;** Thor Hallgrímsson og Erlingur Hannesson - Samþykkt einhljóða. **(Fyrir eru í stjórn til eins árs sitja Einara Lilja Kristjánsdóttir og Þórdís Björg Ingólfssdóttir)**
- c. **Varastjórn til eins árs:** Anna Andréssdóttir og Guðný Björg Karlsdóttir - Samþykkt einhljóða.
- d. **Skoðunarmenn reikninga:** Kristín Örlygssdóttir, Valþór Söring Jónsson og Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir til vara. Samþykkt einhljóða.

**5. Ávarp gesta**

- a. Stefán tekur til máls og óskar stjórnarmönnum til hamingju og býður svo Guðmund Sigurbergsson gjaldkera UMFÍ að eiga fyrstu orðin undir þessum lið.  
Guðmundur óskar félaginu innilega til hamingju með afmælisárið og fer yfir

## FUNDARGERÐ UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR

Það góða starf sem Íþróttahreyfingin í heild sinni hefur unnið á liðnu ári og talar um mikil framfaraskref. Hann minnst jafnframt á lottóið og hvetur félagsmenn að standa vörð um íslenskar getraunir.

Guðmundur segist ekki bara vera gestur heldur er hann þarna einnig til að sinna embættisverkum og biður Ólaf formann að standa upp og taka við heiðursviðurkenningu frá UMFÍ:

Ólafur Eyjólfsson sæmdur gullmerki UMFÍ við standandi lofaklapp í salnum.

- b. Halldóra Fríða formaður bæjarráðs Reykjanesbæjar tekur til máls og óskar félaginu innilega til hamingju með 80 ára afmælið og hrósar mjög svo góðri og vandaðrar skýrslu sem hér er lögð fram. Hún fer yfir það helsta og segir vel frá stöðunni í mannvirkjamálum og fagnar því að nú loks er nýja íþróttahúsið alveg að verða klárt og segir nýja verkáætlun hljóða svo að húsið verði alveg klárt 30. Júlí.
  - c. Rúnar Arnarson formaður ÍRB tekur til máls og óskar félaginu innilega til hamingju með afmælisárið og er ánægður með þessar fréttir sem formaður bæjarráðs fer með hér á undan. Rúnar afhendir félaginu blóm frá bandalaginu.
  - d. Ellert Björn fyrrum formaður Lyftingar- og líkamsræktardeildar UMFN tekur orðið og vill vekja athygli á því að deildin sé að fara að halda heimsmeistaramót í kraftlyftingum 11. – 16. nóvember og hvetur alla til að mæta og fylgjast með.
6. Önnur mál
- a. Engin önnur mál.

Fundi slitið og gestum boðið upp á veglegar veitingar.

Fundi formlega slitið kl.21:30